

13,7% tekjuvöxtur frá fyrsta ársfjórðungi 2021

Árshlutauppgjör Origo hf. – Fyrsti ársfjórðungur 2022

Helstu fjárhagsupplýsingar:

- Sala á vöru og þjónustu** nam 4.745 m.kr á fyrsta ársfjórðungi 2022 (13,7% tekjuvöxtur frá F1 2021) [F1 2021: 4.174 m.kr]
- Framlegð** nam 1.292 m.kr (27,2%) á fyrsta ársfjórðungi 2022 [F1 2021: 1.094 m.kr (26,2%)]
- EBITDA** nam nam 337 m.kr (7,1%) á fyrsta ársfjórðungi 2022 [F1 2021: 301 m.kr (7,2%)]
- EBIT** nam 103 m.kr (2,2%) á fyrsta ársfjórðungi 2022 [F1 2021: 108 m.kr (2,6%)]
- Áhrif hlutdeildarfélags** (Tempo) nam 166 m.kr á fjórðungnum
- Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé voru neikvæðir um 93 m.kr á fyrsta ársfjórðungi 2022, en voru neikvæðir um 14 m.kr á fyrsta ársfjórðungi 2021**
- Heildarhagnaður** nam 145 m.kr á fyrsta ársfjórðungi 2022 [F1 2021: 163 m.kr]
- Origo keypti eigin bréf fyrir um 300 m.kr. á fjórðungnum
- Eiginfjárlutfall** er 57,3% en var 56,9% í lok árs 2021.
- Veltufjárlutfall** er 1,39 en var 1,42 í lok árs 2021.

Helstu fréttir úr starfsemi:

- 13,7 tekjuvöxtur og góð afkoma á fyrsta ársfjórðungi.
- 17,7% aukning í sölu á notendabúnaði.
- 9,4% aukning á hugbúnaðarsviðum.
- Syndis hefur sett upp starfsstöð í Póllandi fyrir 24/7 öryggisvöktun.
- Origo hefur nýtt kauprétt sinn til að kaupa 14,54% í viðbót af hlutafé í Datalab og á nú 47,87% í félagini.
- Sterkur fjórðungur hjá Tempo.

Jón Björnsson forstjóri Origo hf:

„Fyrsti fjórðungur 2022 kemur ágætlega út fyrir félagið. Fjórðungurinn endar 13,7% yfir veltu síðasta árs. Rekstrarrafkoma er góð en félagið skilar rúmlega 12,1% hærri EBITDA en á 1F 2021. Syndis, Datalab og Eldhaf koma nú inn sem nýjar einingar á 1F 2022 en voru ekki hluti af samstæðunni á síðasta ári. Þá er ánægjulegt að sjá góðan fjórðung hjá Tempo en þetta er fyrsti heili fjórðungurinn sem við sjáum sameinaðan rekstur Tempo, ALM og Roadmunk.

Áfram er góð eftirspurn eftir lausnum og vörum í notendabúnaði og jukust tekjur Notendabúnaðar og tengdrar þjónustu um 17,7% á fyrsta fjórðungi ársins. EBITDA helst í línu við það sem verið hefur s.l. fjórðunga eða í kringum 9%. Almennt hefur verið góð eftirspurn á fyrtækjamarkaði. Nýjar söluleiðir og sterkt netverslun hafa verið lykilatriði í þessari tekjuaukningu, þrátt fyrir tafir á vöruafhendingu og vöruskort á alþjóðavísu. Þá má áfram búast við einhverjum áskorunum á aðfangahliðinni bæði hvað varðar vöruframboð sem og verðhækkanir. Mikil auking hefur orðið hjá prentlausnum Notendalausna á fjórðungnum vegna breyttra markaðsaðstæðna. Origo hóf í kjölfar breyttra aðstæðna að þjónusta Ricoh búnað á Íslandi.

Rekstrarþjónusta og Innviðir eru áfram í umbreytingarfasa þar sem unnið er að því að breyta eldri tekjustofnum og einfalda vöruframboð og þjónustu og laga betur að þörfum viðskiptavinars. Vegferðin gengur ágætlega og náðst hefur góður árangur í að sækja fram á mörkuðum þar sem við erum sterkt. Stærstur hluti tekna starfsþáttarins koma nú frá þjónustusamningum. Tekjuvöxtur á fjórðungnum var tæplega 12,5% og EBITDA sambærileg við s.l. ár.

Rekstur Syndis kemur undir starfsþáttinn Rekstrarþjónusta og Innviðir. Syndis hefur stækkað og dafnað vel og er án efa sterkasta netöryggisfyrirtæki landsins. Fyrsti ársfjórðungur markast af töluverðum fjárfestingum innan Syndis en félagið setti upp starfsstöð á svíði öryggisvöktunnar í Póllandi á fjórðungnum og verða starfsmenn orðnir tíu í Póllandi innan nokkurra vikna. Félagið hefur einnig aukið fjárfestingu sína í

TIL BIRTINGAR MIÐVIKUDAGINN 4. maí 2022
origo.is/um-origo/fjarfestar/

hugbúnaðargerð innan öryggismats- og vöktunnar og er von á fyrstu betaútgáfu hugbúnaðar á þessu ári. Rekstur Syndis er hluti af vaxtarstefnu Origo en þar fara saman einn mest vaxandi geiri í upplýsingataækni og ein af grunnáherslum Origo í samfélagsmálum sem eru öryggismál.

Velta Origo í hugbúnaðargerð heldur áfram að vaxa. Fjórðungurinn skilar 9,4% vexti umfram sama fjórðung á síðasta ári. Eigin hugbúnaður vex um 2% en að teknu tilliti til einskiptistekna af leyfasölu á s.l. ári er aukninginn 17%.

Þann 1.apríl s.l. sameinaði Origo sviðin Hugbúnaðarlausnir og Viðskiptalausnir í eitt Hugbúnaðarlausnarsvið. Markmið breytinganna er að geta aðstoðað viðskiptavini okkar betur í stafrænum vegferðum þeirra en einnig að styrkja hverja hugbúnaðarvöru þannig að hún geti verið sjálfbær í tækni, sölu og markaðsmálum. Við höfum fjárfest mikið í okkareigin hugbúnaðarvörum eins og Kjarna, CCQ, bankatengdum lausnum sem við höfum nú gert Sopra-samhæfðar auk fjölmargra viðbóta við þau ERP kerfi sem við þjónustum og seljum. Samhliða þessu setti félagið Heilbrigðislausnateymi sitt í sér einingu, sem og allar ferðalausnavörur félagsins voru einnig settar í sér einingu. Heilbrigðislausnateymi Origo er eitt stærsta nýsköpunarfyrirtæki landsins á sviði lausna til að bæta þjónustu og auka framleiðni í heilbrigðisgeiranum. Við teljum okkur hafa möguleika að sækja betur fram með margar af þeim vörum sem við höfum þróað, bæði innan opinbera kerfisins og hjá einkaaðilum. Við getum aðstoðað fyrirtæki í heilbrigðistengdri þjónustu að einfalda rekstur sinn og bæta þjónustu. Það er trú okkar að opnara kerfi geti skilað meiri árangri. Ferðalausnaeiningarnar eru nú reknar sem sjálfstæðar einingar. Við höfum fjárfest verulega í þremur lausnum í ferðaiðnaði án þess að ná að uppskera miðað við möguleika þeirra vegna COVID-19 og samdráttar í ferðaiðnaði. Nú reynir á markaðsgetu þessara sprotta. Það sem af er ári erum við að sjá um 50% aukning í tekjum og erum vongóð að sumarið muni sýna félaginu getu þessara vara.

Fyrsti ársfjórðungur hjá Tempo einkenndist af breytingum og áskorunum í ytra umhverfi. Í upphafi fjórðungsins hófst sameiningaráætlun á félögunum Roadmunk og ALM sem félagið keypti á síðasta ársfjórðungi 2021 og eru nú markaðsteymi félaganna þriggja að vinna saman. Í lok febrúar þurfti félagið að mæta þeim áskorunum sem hlutust af innrás Rússia í Ukraniú, en vegna kaupa Tempo á ALM var félagið nú komið með teymi í Rússlandi. Félagið hefur í kjölfar stríðsins dregið verulega úr starfsemi í Rússlandi og fært þá starfsemi á aðrar starfsstöðvar Tempo og mun sú fækkan halda áfram. Rekstur sameinaðs félags gengur vel og eru flestir lykilmælikvarðar að styrkjast enn frekar. Velta sameinaðs félags eykst um 18% frá fyrsta fjórðung síðasta árs og EBITDA er 32%. Fjárfestingar í lausnum sem henta stærri viðskiptavinum og frekari áhersla á samstarfsaðila eru að skila árangri. Strategískar áherslur fyrirtækisins eru óbreyttar og stefna Tempo er að vera leiðtogi á markaði innan tímaskráningar, auka notkun tímaskráningar, fjárfesta í aukinni sjálfvirkni og auka hlut Tempo í fleiri markaðstorgum.

Horfur í rekstri Origo eru áfram ágætar. Framundan er töluvert af stórum og spennandi umbreytingarverkefnum á íslenskum markaði, ásamt því að við erum vongóð um að verkefni tengd ferðaiðnaðinum fari í gang á næstu mánuðum. Samhliða þessu erum við mjög spennt fyrir verkefnum í upplýsingaöryggi. Við teljum það vera lykilatriði að hjálpa fyrirtækjum og stofnunum að auka öryggisvitund sína og hlúa að stafrænum öryggismálum, ekki síður en þau huga að öðrum öryggismálum sínum.

Við höfum lokið fyrstu umferð stefnumótunar og markað hvað Origo stendur fyrir og sækjum fram með það að leiðarljósi að betri tækni bæti lífið. Við höfum áunnið okkur traust sterkra viðskiptavina og það er í ljósi þessa trausta sem við teljum okkur geta breytt leiknum og þróað nýjar lausnir sem gera líf notenda þægilegra. Til þess að það megi gerast þarf fyrirtækið að setja upplifun og árangur viðskiptavina sinna í fyrsta sæti, vera í stöðugri þróun með starfsfólk sitt og tækniumhverfi og styrkja núverandi kjarnastarfsemi svo óumdeilt sé að fyrirtækið sé í leiðtogaahlutverki á þeim sviðum þar sem það starfar. Áhersla okkar á nýsköpun, aukinni öryggisvitund og jafnrétti er samofinn því að hafa ánægða viðskiptavini og ánægt starfsfólk.

Rekstrarreikningur

Í milljónum ISK	3M 2022	3M 2021
Seldar vörur og þjónusta	4.745	4.174
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu	(3.454)	(3.079)
Framlegð	1.292	1.094
<i>Framlegð/tekjur (%)</i>	27,2%	26,2%
Rekstrarkostnaður	(1.188)	(986)
Rekstrarhagnaður	103	108
<i>Rekstrarhagnaður/tekjur (%)</i>	2,2%	2,6%
Hrein fjármagnsgjöld	(37)	(16)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	166	103
Tekjuskattur	5	(14)
Hagnaður tímabilsins	238	181
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	(93)	(18)
Heildarhagnaður tímabilsins	145	163
EBITDA	337	301
<i>EBITDA%</i>	7,1%	7,2%

- Notendabúnaður og tengd þjónusta:** Tekjur námu 2.060 m.kr sem er 17,7% tekjuvöxtur frá F1 2021. EBITDA var 193 m.kr (9,4%) [Tekjur F1 2021: 1.750, EBITDA F1 2021: 141 m.kr (8,0%)]
- Rekstrarþjónusta og innviðir:** Tekjur námu 1.237 m.kr sem er 12,5% tekjuvöxtur frá F1 2021. EBITDA var 33 m.kr (2,6%) [Tekjur F1 2021: 1.100 m.kr, EBITDA F1 2021: 35 m.kr (3,1%)]
- Hugbúnaður og tengd þjónusta:** Tekjur námu 1.448 m.kr sem er 9,4% tekjuvöxtur frá F1 2021. EBITDA var 112 m.kr (7,7%) [Tekjur F1 2021: 1.324 m.kr, EBITDA F1 2021: 126 m.kr (9,5%)]
- Rekstrarkostnaður:** Aukningu rekstrarkostnaðar má helst skýra vegna fjölgunar stöðugilda hjá samstæðunni. Auk þess má nefna það gleðiefni að nú loks eru starfsmenn félagsins að mæta aftur á sína starfsstöð eftir Covid með tilheyrandi aukningu á starfsmanna og skrifstofukostnaði. Einnig hefur það áhrif að þrjú ný félög bætast við samstæðuna frá F1 2021; Syndis, Eldhaf og Datalab. Öll þessi félög eru í uppbyggingarfasa og eru að fjárfesta mikil á fjórðungnum í framtíðartekjustreymi.

Efnahagsreikningur

Í milljónum ISK	31.03.2022	31.12.2021
Fastafjármunir	9.793	9.742
Veltufjármunir	5.047	5.402
Eignir samtals	14.840	15.144
Eigið fé	8.496	8.619
Langtímaskuldir	2.711	2.733
Skammtímaskuldir	3.633	3.793
Eigið fé og skuldir samtals	14.840	15.144
Veltufjárlutfall	1,39	1,42
Eiginfjárlutfall	57,3%	56,9%

Hluthafar

Markaðsvirði fyrirtækisins í lok fyrsta ársfjórðungs 2022 var 31.973 mkr., lokaverð hlutabréfa í ársfjórðungnum var kr. 73,5 á hlut. Fjöldi útgefinna hluta þann 31. mars 2022 voru 435 milljónir og voru hluthafar 1.049 talsins. Origo hf. á eigin bréf að nafnvirði 4.066.935.

Origo býður fjárfestum og markaðsaðilum til fundar með Mark Lorion forstjóra Tempo fimmtudaginn 5. maí kl. 10:00.

Á fundinum mun Mark fjalla um hvernig fyrirtækið og vörur þess hafa þróast undanfarin ár. Kynningin og umræður munu fjalla um framtíðarsýn fyrirtækisins er fellst í því að bjóða tímaskráningar- og verkefnastjórnunarkerfi fyrir nútíma vöru- og verkefnateymi. Mark mun einnig fjalla um kaupin á Roadmunk og ALM Works og hvaða tækifæri þau fyrirtæki veita Tempo.

Fundurinn verður haldinn í húsnæði Origo og Tempo, Borgartúni 37, 105 Reykjavík.

Skráning á fundinn fer fram hér: <https://www.origo.is/fjarfestakynning>

Fjárhagsdagatal

- 25. ágúst 2022 Árshlutauppgjör 2F 2022
- 27. október 2022 Árshlutauppgjör 3F 2022
- 2. febrúar 2023 Árshlutauppgjör 4F 2022
- 9. mars 2023 Aðalfundur Origo

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi Origo hf. þann 4. maí 2022. Uppgjör Origo hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS—International Financial Reporting Standards).

TIL BIRTINGAR MIÐVIKUDAGINN 4. maí 2022
origo.is/um-origo/fjarfestar/

Origo hf.

Origo er framsækið þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni. Hjá Origo starfar öflugur hópur fólks sem nýtir hugvit sitt til að efla árangur, hagsæld og öryggi viðskiptavina. Hlutabréf Origo hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands) undir auðkenninu ORIGO.

Nánari upplýsingar

Gunnar Petersen, framkvæmdastjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða gp@origo.is og Jón Björnsson, forstjóri í síma 693-5000 eða jb@origo.is

Til athugunar fyrir fjárfesta

Origo vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli mál eins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.